

Alþingi
Erindi nr. P 143/1110
komudagur 20.2.2014

Umsögn stjórnar SSNV um eftirfarandi frumvörp:

Frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnsýslu í héraði, þingskjal 458 - 250. mál

Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, þingskjal 459 - 251. mál

Stjórn SSNV fagnar því sérstaklega að í frumvörpunum sé miðað við að á Norðurlandi vestra verði sjálfstæð sýslumanns- og lögregluumdæmi, líkt og heimamenn hafa lagt svo mikla áherslu á. Þá ber að fagna áherslu á svæðisbundið samráð og áformum um að styrkja embættin með frekari verkefnum af ríkisins hálfu. Bent er á að þá sé horft sérstaklega til veigameiri verkefna sem jafnframt gera ríkari hæfnis- og menntunarkröfur til starfsfólks en ekki eingöngu til einfaldari þjónustu- og fjarvinnsluverkefna eins og gefið er í skyn. Sérstaklega er minnt á mikla fækkun opinberra starfa á Norðurlandi vestra sem er langt umfram það sem verið hefur í öðrum landshlutum undanfarin ár. Gæta þarf þess í hvívetna að engar breytingar verði gerðar á þjónustu og aðgengi að henni sem rýri búsetuskilyrði á svæðinu eða dragi úr öryggi íbúa hvað varðar löggæslu eða viðbrögð við hættuástandi þegar slíkar aðstæður skapast. Ein af grundvallarforsendum þess er að á NV vestra séu sjálfstæð sýslumanns- og lögregluumdæmi ásamt héraðsdómi Norðurlands vestra sem þjóni landshlutanum. Stjórn SSNV styður í aðalatriðum bæði frumvörpin og þá ekki síst fyrir þær sakir að staðfest verður með lögunum staða Norðurlands vestra sem sjálfstæðs stjórnsýslu- og þjónustusvæðis hvað varðar sýslumanns- og lögregluumdæmi.

F.h stjórnar landshlutasamtaka Norðurlands vestra,

Bjarni Jónsson, form.